

Nefndarsvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 með síðari breytingum (fyrning sakar).**


Í fyrsta lagi er lýst yfir ánægju með þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu. Þó eru nokkrar athugasemdir gerðar við a. lið 2. gr. frumvarpsins., sem fjallar um fyrningarfrest vegna brota samkvæmt 194. gr. – 202. gr. hgl. (kynferðisbrot). Mun undirrituð gera sérstaklega gera grein fyrir því.

**Athugasemd við a. lið 2. gr. frumvarpsins**

Hér er lagt til að við 1. mgr 82. gr. hgl. bætist nýr málslíður þar sem kemur fram að fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194. – 202. gr. hgl. teljist eigi fyrir en frá þeim degi er brotþoli nær **14 ára aldri** (leturbreyting mín). Fyrir skömmu barst beiðni um umsögn vegna annars frumvarps til breytinga á almennum hegningarlögum er varða kynferðisbrot gegn börnum. Í því frumvarpi var komið inn á fyrningu sakar fyrir kynferðisbrot. Í því frumvarpi er miðað við að fyrning sakar skv. 200., 201. og 202. gr. hgl. hefjist ekki fyrir en þolandi brots hefur náð sjálfræðisaldri. Hér stangast því á hins vegar að miða við 14 ára aldur eða sjálfræðisaldur sem er 18 ára samkvæmt gildandi lögum. Í okkar umsögn kom m.a. fram að mælt var með sjálfræðisaldrinum í umsögn með fyrra frumvarpinu og tel ég að samræmis verði að gæta varðandi öll kynferðisbrot sem eru í XXII. kafla hgl. Ég tel að fyrst á annað borð sé verið að setja sérreglu um upphaf sakarfyrningarfrest vegna kynferðisbrota gegn börnum sé þrátt fyrir ýmsa ágalla eðlilegra að miða við sjálfræðisaldur fremur en 14 ára aldur. Rökin eru einnig þau að gæta samræmis varðandi öll ákvæðin í kynferðisbrotakafla hgl. Sem dæmi að ekki væri annar fyrningarfrestur varðandi brot skv. 200.-202. gr., en skv. 194. gr. – 200. gr.

Að öðru leyti eins og ég hef áður getið um tel ég aðrar tillögur sem fram koma í frumvarpinu til bóta. Einnig finnst mér jákvætt að í raun er verið að lagfæra ýmsa ágalla og skýra ýmis ákvæði hegningarlaga betur en áður var. Ég tel ekki ástæðu til að rekja lið fyrir lið frumvarpið, þar sem ég hef engar athugasemdir fyrir utan þá sem ég hef þegar lýst.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur

  
Ásta S. Helgadóttir, lögfr.